

**Mál nr. 314/2013**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**

**Ágreiningur um hvort bifreið var ekið á konu þ. 4.10.2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.13.9.2013 ásamt fylgiskjölum 1-16
2. Bréf V dags. 10.10.2013.

**Málsatvik.**

M segir að bifreiðinni A hafi verið ekið utan í sig og hún fengið mikið högg á sig á vinstri mjöðm og rasskinn með þeim afleiðingum að M mjaðmagrindarbrotnaði á tveimur stöðum og fékk innvortis blæðingar og skurð á hnakka. Ökumaður A neitar að A hafa ekið utan í M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og bendir m.a. á að þegar litið sé til samtímagagna og alvarleika áverka þeirra sem M hlaut, sé ljóst að slysið megi rekja til A og við mat á sönnun í málinu verði að líta til þess hvaða atburðarás sé sennileg. M byggir á því að hún hafi lent í slysi vegna notkunar A í skilningi 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður A segist hafa stöðvað A á bifreiðastæði, drepit á vél bifreiðarinnar og sett hana í “park” og handbremsu og síðan farið út úr A og ætlað að hjálpa M út úr bifreiðinni, sem þá hafi komist út og fallið aftur með bifreiðinni og legið hálfvegis á hlið og kvartað undan verk í vinstri mjöðm og beðið um að komast á Slysadeild. Ökumaður A þvertur fyrir að hafa ekið á eða utan í M og málatilbúnaður M sé hreinn uppspuni. Við skoðun lögreglu fundust engin ummerki eða ákoma á A. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi ekki fært nægjanlegar sönnur á að slysið verði rakið til notkunar A og verði M að bera hallann af sönnunarskorti enda ljóst að M hafi fjárhagslega hagsmuni af niðurstöðunni öfugt við ökumann A. V hafnar því að samtímagögn eða önnur atvik renni nægjanlegum stöðum undir frásögn M. Þá bendir V á að engar ákomur eða ummerki séu á A.

**Álit.**

M heldur því fram að hún hafi orðið fyrir slysi þegar bifreiðinni A var ekið utan í vinstri mjöðm og rasskinn hennar. Ökumaður A neitar staðfastlega að hafa ekið á eða utan í A og engin ummerki eru á A sem benda til þess að ekið hafi verið á M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og ber sönnunarbyrðina fyrir því að atvik hafi orðið með þeim hætti sem hún heldur fram. Gegn eindreginni neitun ökumanns A og þess að engar ákomur eru á A telst ósannað að bifreiðinni A hafi verið ekið utan í M í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 31.10.2013.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.